

Nd.

155. Frumvarp til laga

[91. mál]

um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af lánnum, sem þeim hafa verið veitt úr ríkissjóði samkvæmt heimildum í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og undanfarinna ára.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að breyta lánnum Raforkusjóðs til rafmagnsveitna ríkisins, sem veitt hafa verið af eigin fé sjóðsins, í vaxta- og afborganalaus lán fyrst um sinn. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af skuld þeirra við Ríkisábyrgðasjóð eins og hún er við lok árs 1965.

4. gr.

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitna ríkisins.

Dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, skal greiða verðjöfnunargjald á sama hátt.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar miðast við það magn aflls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjald samkvæmt þessari grein miðast við mesta afhent afl hvers almanaksárs, mælt sem mesta meðal afl á 30 mínútum, og afhenta orku, hvort tveggja eins og það mælist við afhendingu til kaupanda samkvæmt 1. mgr. eða úr orkuveri samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fái dreifiveita raforku bæði frá eigin orkuveri og keypta frá öðrum aðilum, miðast gjaldskylda við mesta álag veitunnar að frádregnu aðkeyptu afli.

5. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar: Aflgjald: 200.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald: 2 aurar fyrir hverja kWst.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksár. Skal verðjöfnunargjald endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 millj. króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

6. gr.

Raforkusala til Áburðarverksmiðjunnar h/f skal ekki vera gjaldstofn til greiðslu verðjöfnunargjalds samkvæmt lögum þessum.

Aflgjald vegna sérstaks umframálags að nóttu til vegna hitunar, á orkuveituvæði Laxárvirkjunar, skal vera 50 krónur á kW á ári.

7. gr.

Heimilt er seljendum raforku að hækka söluverð raforku í heildsölu og til notenda sem gjaldinu nemur.

8. gr.

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjaldið miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal Rafmagnsveitum ríkisins strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskytt afl, sem seljandi eða Rafmagnsveitur ríkisins áætla eigi sjaldnar en hálfárslega fyrirfram. Mismunur á áætlun og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita Rafmagnsveitum ríkisins allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem rafmagnsveiturnar telja sig þurfa til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

9. gr.

Verði greiðsludráttur á verðjöfnunargjaldi samkvæmt lögum þessum, falla dráttarvextir á skuldina, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst fram yfir gjalddaga.

10. gr.

Rísi ágreiningur um mælingu eða útreikning gjaldstofns samkvæmt lögum þessum, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms, þar sem hvor aðili tilnefnir einn gerðardómsmann.

Komist dómurinn þannig skipaður að sameiginlegri niðurstöðu um málalok, skal sú niðurstaða gilda og hvor aðili bera sinn helming kostnaðar við dóminn.

Komi gerðardómsmenn aðila sér ekki saman um niðurstöðu eða annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðardómsmann, skal yfirborgardómarinn í Reykjavík tilnefna einn mann í dóminn og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn, en ella meiri hluti.

Gerðardómurinn setur sér sjálfur starfsreglur.

Niðurstaða gerðardómsins þannig skipaðs skal vera endanleg fyrir báða aðila. Í niðurstöðum skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við gerðardóminn eftir málsatvikum.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins, þar með taldar Héraðsrafmagnsveitur ríkisins, hafa undanfarin ár verið reknar með halla. Rekstrarhalli er nú yfir fimm tugi milljóna á ári. Þessar rafmagnsveitur ríkisins hafa fengið það hlutverk að annast að langmestu leyti rafvæðingu og rekstur á rafveitum í hinum strjálbýlli hlutum landsins. Rafvæðing dreifbýlisins er miklu kostnaðarsamari og hlýtur að hafa í för með sér miklu meiri fjárhagsörðugleika en rafvæðing þéttbýlisins. Kemur þar margt til.

Er þá fyrst að nefna, hversu miklu dýrari flutningur og dreifing raforku er í strjálbýli en þéttbýli. Þannig er lengd háspennuveitna hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Héraðsrafmagnsveitum ríkisins allt að því 20 sinnum meiri en hjá þéttbýlis-

veitunum, t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Sogsvirkjuninni, ef miðað er við fjölda rafmagnsnotenda. Tala spennistöðva er einnig 10 til 20 sinnum meiri. Þetta hefur ekki aðeins í för með sér meiri stofnkostnað heldur einnig meiri viðhaldskostnað.

Ofan á kostnaðinn af hinu dýra flutnings- og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins kemur svo það, að framleiðslukostnaður á raforku í hinum strjálbyggðu hlutum landsins, sérstaklega á Austurlandi og Vestfjörðum, er mjög hár. Vegna þess hve markaður er takmarkaður, hefur orðið að ráðast í tiltölulega litlar og dýrar virkjanir, sem reynast þungur baggi á Rafmagnsveitum ríkisins. Einnig er mikill hluti raforkunnar á ýmsum stöðum á landinu framleiddur í dísilrafstöðvum á háu verði, enda þótt stofnkostnaður sé tiltölulega lágur. Þessi háí raforkukostnaður mun halda áfram þangað til hægt verður að tengja raforkukerfið saman í stærri heildir, er geti fengið orku frá stærri og hagkvæmari orkuverum. Ríkisstjórnin telur þetta eiga að vera eitt höfuðmarkmiðið í raforkumálum hér á landi í framtíðinni.

Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa ávallt selt raforku við herra verði en aðrar rafveitur landsins, er aðeins selja raforku í þéttbýli. Þrátt fyrir það hafa tekjur rafmagnsveitna ríkisins hvergi nærri nægt fyrir útgjöldum og því er sá halli tilkominn, sem nú þarf að horfast í augu við. Nú er það svo, að ríkissjóður hefur þegar um langt skeið lagt rafmagnsveitum ríkisins til óendurkræf og vaxtalaus framlög til nýbygginga veitukerfisins. Framlag þetta, sem nú er orðið á annað hundrað milljónir króna samtals, má líta á sem framlag ríkissjóðs til verðjöfnunar á rafmagni milli strjálbýlisins og þéttbýlisins, en þetta hefur ekki nægt og nokkur hluti samansafnaðs halla hefur verið jafnaður með lántökum en að öðru leyti hefur hann komið fram í skuldasöfnun við ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð. Hækkun á raforkuverði til þeirra neytenda, er raforku fá frá Rafmagnsveitum ríkisins, til þess að komast hjá áframhaldandi hallarekstri er að dómi ríkisstjórnarinnar ekki fær leið. Frekara misræmi á raforkuverði í landinu má ekki skapast. Á komandi árum verður stefnt að meiri jöfnuði raforkuverðsins eftir því sem samtengingu raforkukerfisins miðar áfram og möguleikar skapast til að dreifa ódýrri raforku til fleiri landshluta. Þangað til verður að afla fjár á annan hátt til að leysa þau fjárhagsvandamál, sem við er að etja og stafa fyrst og fremst af þeim mikla kostnaði, sem lagður er í rafvæðingu hinna strjálbýlli hluta landsins. En með því að rafvæðing landsins er mál, sem öll þjóðin hefur sameinast um að fylgja, er eðlilegt að byrðar, sem af henni leiðir, séu lagðar á þjóðarheildina. Með frumvarpi þessu er lagt til, að þess fjár, sem þörf er á í þessu skyni, verði aflað með ferns konar ráðstöfunum, í fyrsta lagi algerri eftirgjöf lána, sem Rafmagnsveitum ríkisins hafa verið veitt á undanförunum árum skv. sérstakri heimild í fjárlögum, öðru lagi greiðslufresti á lánum, sem rafmagnsveiturnar hafa fengið úr raforkusjóði af eigin fé sjóðsins, í þriðja lagi eftirgjöf skuldar, sem Rafmagnsveitur ríkisins eru komnar í við Ríkisábyrgðasjóð og í fjórða lagi með því að gera þeim fyrirtækjum, sem vinna raforku og/eða selja hana í heildsölu, að greiða verðjöfnunargjald.

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1965 var þegar gert ráð fyrir, að rafmagnsveitunum yrðu gefnar eftir vaxtagreiðslur og afborganir af skuldum veitnanna við ríkissjóð og raforkusjóð; samtals nam þessi ráðgerða eftirgjöf 13.8 Mkr. Veita 1. og 2. gr. þessa frumvarps heimild fyrir þeim eftirgjöfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpsgreinin veitir ríkisstjórninni heimild til eftirgjafar á höfuðstól og vöxtum lána, sem veitt hafa verið samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og fyrr. Í september s. l. námu þessi lán samtals um 57 milljón krónum. Eftirgjöf þessa má líta á sem stofnfjárframlag ríkissjóðs til framkvæmda rafmagnsveitna ríkisins á liðnum árum.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin er sama eðlis og fyrsta grein, en rétt þykir að gera ekki ráð fyrir eftirgjöf á höfuðstól lána, sem raforkusjóður hefur veitt rafmagnsveitum ríkisins af eigin fé sínu. Með þessu er viðurkennd nauðsyn þess, að raforkusjóður sé fjárhagslega öflugur og höfuðstóll hans skuli ekki skertur. Í september voru lán þau, sem hér um ræðir, að fjárhæð 98.8 Mkr.

Um 3. gr.

Skuldir rafmagnsveitna ríkisins við Ríkisábyrgðasjóð verða við árslok 1965 96.58 millj. kr. Í fjárhagsáætlun rafmagnsveitnanna fyrir árið 1966 er reiknað með 10 millj. krónum til greiðslu vaxta og afborgana af þessari skuld. Eftirgjöf hennar mun þá lækka útgjaldahlið fjárhagsáætlunarinnar um þá upphæð.

Um 4. gr.

Í athugasemdum við 16. gr. D. III fjárlagafrumvarps fyrir árið 1966 er gert ráð fyrir, að rafmagnsveitum ríkisins sé séð fyrir tekjuauka, sem nægi til að greiða rekstrarhalla veitnanna.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir tekjuöflun í þessu skyni á þann veg að gera þeim, sem selja raforku í heildsölu, að greiða til Rafmagnsveitna ríkisins og Héraðsrafmagnsveitna ríkisins verðjöfnunargjald, sem miðast við magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjaldið miðast þó einungis við raforku, sem seld er til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu, en ekki þá, sem seld er til annars heildsöluþyrirtækis til endursölu, einnig í heildsölu.

Sérstakt ákvæði er í 2. mgr. greinarinnar, sem kveður svo á að dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, greiði verðjöfnunargjald á sama hátt. Eru í síðustu mgr. greinarinnar nánari ákvæði þar að lútandi.

Jafnframt er vert að benda á, að hér er einungis um að ræða raforku, sem dreifiveita framleiðir í eigin orkuveri. Raforkuver, sem einhver aðili, svo sem síldarverksmiðjur, frystihús, gistihús, skóli eða einstakur bóndi, hefur komið sér upp og rekur eingöngu í eigin þarfir, er ekki gjaldskylt. Er ekki talið sanngjarnt, að þeir aðilar, sem ekki njóta sameiginlegrar þjónustu að þessu leyti, leggi fram fé til að ná þeim markmiðum, sem lög þessi þjóna, ef samþykkt verða.

4. og 5. mgr. 4. gr. kveða nánar á um aðferð við ákvörðun á upphæð verðjöfnunargjalds, mælingu afls og orku.

Um 5. gr.

Frumvarpsgreinin kveður á um fjárhæð verðjöfnunargjalds. Hún miðast bæði við afl og orku og skal vera kr. 200.00 á ári á kW og 2 aurar á kWst, mælt á þann hátt er í 4. gr. segir. Áætlað er að heildarupphæð verðjöfnunargjaldsins verði þá á árinu 1966 um 35 millj. kr. Þar af er sá hlutinn, er miðast við afl, um það bil þrjú fjórðu hlutar.

2. mgr. greinarinnar kveður á um árlega endurskoðun verðjöfnunargjaldsins. Er gert ráð fyrir, að með slíkri endurskoðun sé komið í veg fyrir, að verðjöfnunargjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, en fjárhæð þess ákveðin þannig, að heildartekjur af gjaldinu verði 35 millj. króna á ári.

Um 6. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma sérákvæði vegna sérstakra samninga um sölu raforku til Áburðarverksmiðjunnar h/f og sölu næturalags til Rafveitu Akureyrar frá Laxárvirkjun vegna hitunar.

Gert er ráð fyrir, að verðjöfnunargjald falli ekki til vegna hinnar sérstæðu orkunotkunar Áburðarverksmiðjunnar h/f.

Sérákvæði er um afgang af áður nefndu næturlagi vegna hitunar, sem sé 50.00 kr. kW. Nú er söluverð á kW fyrir venjulegt álag frá Laxárvirkjun til Rafveitu Akureyrar 1000 kr. á ári, en að því leyti sem hæsta næturlag fer yfir hæsta venjulegt álag er söluverðið kr. 150.00 á ári.

Um 7. gr.

Í frumvarpsgreininni er almenn heimild til hækkunar söluverðs á raforku sem gjaldinu nemur.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um gjalddaga, greiðslumáta raforkugjaldsins og uppgjör þess. Bæði afl- og orkugjald greiðist mánaðarlega af raforkusölu næsta mánaðar á undan. Gjalddaginn er 15. dag mánaðarins. Orkugjaldið greiðist samkvæmt mæla-álestri, sem fer fram við mánaðamót, en afgang greiðist að 1/12 hluta af árgjaldinu samkvæmt áætlun með fullnaðaruppgjöri um áramót svo sem tekið er fram í greininni.

Þá kveður greinin á um skyldu til að hafa fullnægjandi mælitæki til mælingar afls og orku og að gefa upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum eftir því, sem með þarf til þess að ákveða upphæð verðjöfnunargjalds.

Um 9. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um dráttarvexti, sem falla á vangreitt raforkugjald, og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um gerðardómsmeðferð ágreiningsmála, sem upp kunna að rísa um mælingar eða útreikning gjaldstofns. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 1966 og tilsvarendi hækkunir heildsöluverðs og smásöluverðs taki gildi frá sama tíma.